

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. maí 2023  
UST202305-188/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Neðri – Hveradalir í Kerlingafjöllum**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Neðri – Hveradalir í Kerlingafjöllum

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir allt að 20 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi með salernum, vegum, bílastæðum og göngustígum. Auk þess er sett fram umhverfismatsskýrsla þar sem gert er ráð fyrir umhverfisviðmiðum, en þar segir undir umhverfispáttinn land og landslag:

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.

- Styrkja innviði svæðisins og um leið að vernda viðkvæmt land.
- Stuðla að góðu viðhaldi og hóflegri endurnýjun innviða, m.a. til að stýra umferð ferðamanna.

Friðlýsingarskilmálar Kerlingarfjalla

- Mannvirki skulu falla vel að landslagi.
- Vernda landslag, óbyggðir og ásýnd.

Umhverfisstofnun hefur farið fyrir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**